

## ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. mars 2009,

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON hf.).

### FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Fjármálaeftirlitið telur nú að ástæða sé til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snýr að framkvæmd yfurfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Ekki hefur reynst mögulegt að ljúka yfurfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um er að ræða flókið verkefni sem er tímafrekara en ætlað var. Mikilvægt er að vel takist til og að eðlilegt samráð sé haft við hlutaðeigandi aðila. Af þeim sökum er nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka yfurfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 2. ml. 7. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars sl.

### ÁKVÖRÐUN:

Stofnun dótturfélags, yfurfærslu eigna og útgáfa skulda- og tryggingarskjala skal fara fram eigi síðar en kl. 12.00 mánudaginn 25. maí 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvörðunar í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

5. apríl 2009



Gunnar Haraldsson  
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason  
Forstjóri